



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5.11.2018.

Efni:

Umsögn um Þingskjal 22 – 22 mál á 149. Löggjafarþingi: Tillaga til þingsályktunar um uppsögn tollasamnings um landbúnaðarvörur við Evrópusambandið.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (hér eftir SAM) vísa til umsagnarbeiðni Utanríkismálanefndar Alþingis 17. október s.l. um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

SAM telja tollasamning Íslands og Evrópusambandsins um landbúnaðarvörur óhagstæðan fyrir Ísland og hvetja til þess að samningnum verði sagt upp, eða til vara að samningurinn verði endurskoðaður hið fyrsta.

SAM telja að síðasti tollasamningur við Evrópusambandið sé mjög óhagstæður íslenskri mjólkurframleiðslu og eftir BREXIT verði samningurinn enn óhagstæðari, þar sem ekki verður hægt að flytja skyr til Bretlands á tollkvótum samningsins eftir að Bretland hefur yfirgefið Evrópusambandið.

SAM benda á að Tollasamningur Íslands og Evrópusambandsins árið 2015 var samþykktur án þess að kannað væri hvaða áhrif hann gæti haft á íslenskan markað fyrir mjólkurvörur og fyrir íslenska mjólkurframleiðslu. SAM hafa þungar áhyggjur af þeim áhrifum sem tollasamningurinn mun hafa á íslenskan ostamarkað ef hann verður að fullu virkur og fagna bókun meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis frá vorinu 2018 þegar því var beint til ráðherra „...að fyrir 1. nóvember 2018 verði unnin úttekt um áhrif innflutningskvóta á ostum, sem eru verndaðir með upprunatáknum eða með vernduðum landfræðilegum merkingum, á íslenskan markað og kynna atvinnuveganefnd.“

SAM hvetja Utanríkismálanefnd til að kalla eftir upplýsingum frá úttektinni og benda á eftirfarandi atriði, sem SAM sendi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna úttektarinnar:

1. Samkvæmt mati Mjólkursamsölunnar munu tollkvótar fyrir osta ná til um 12% af magni á Íslenskum ostamarkaði ef tollasamningur frá árinu 2015 verður að fullu virkur.
2. Í mati Mjólkursamsölunnar kemur einnig fram að beint tekjutap íslensk mjólkuriðnaðar vegna samningsins frá 2015 verði 900 - 1.000 milljónir króna á ári, en óbeinn kostnaður er áætlaður á bilinu 150 – 400 milljónir króna á ári.
3. Verði tollasamningurinn frá 2015 að fullu virkur verður nýr tollkvóti fyrir osta 510 tonn, en það magn samsvarar um 5.100 tonnum af mjólk sem nú er framleidd í sveitum landsins á um 18 kúabúum (meðalstærð bóa) og framleiðsluverðmætið er um 460 milljónir króna.
4. Í tollasamningnum var sérstaklega samið um tollkvóta fyrir svonefndan upprunaverndaðan ost. Sá misskilningur hefur ríkt að þessir tollkvótar nái einungis til óvenjulega sérstaka osta sem ekki eru framleiddir á Íslandi og tollkvótarnir muni því ekki valda beinni samkeppni við íslenska osta, þetta er rangt. Upprunaverndaðar ostategundir innan Evrópusambandsins eru nú um 220 og þeim hefur fjölgað að meðaltali um átta á ári síðustu ár. Meðal tegundanna eru nú þegar „Gouda Holland“ og „Edam Holland“ sem eru alvanalegir brauðostar, sem verða í beinni samkeppni við algengustu íslensku ostana ef tollkvótarnir verða nýttir til að flytja þessar tegundir til landsins.
5. Allur samanlagður íslenskur mjólkuriðnaður er agnarsmár dvergur í samanburði við erlendan mjólkuriðnað; árið 2016 var öll íslensk ostaframleiðsla um 0,75% af útflutningi osta frá Hollandi sama ár. Þessi stærðarhlutföll sýna hve veik samkeppnisstaða íslensk mjólkuriðnaðar er gagnvart erlendum mjólkuriðnaði.

Nákvæmari upplýsingar um ofangreint er að finna í bréfi SAM til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 15. ágúst s.l., sjá Viðhengi 1.

SAM er kunnugt um að samningar Íslands og Evrópusambandsins gefa aðilum færi á að óska eftir endurskoðun á samningum um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Verði samningnum ekki sagt upp, hvetja SAM til þess að tollasamningar um mjólkurafurðir verði teknir til endurskoðunar hið fyrsta.

SAM áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum málsins. Einnig eru samtökin tilbúin að veita frekari upplýsingar og mæta á fund nefndarinnar til umræðu og skoðanaskipta.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf



Bjarni R. Brynjólfsson
Skrifstofustjóri SAM

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík



Reykjavík, 15.8.2018.

Efni: Sjónarmið Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði vegna úttektar á áhrifum innflutningskvóta á sérostum.

Vísað er til bréf ráðuneytisins dagsett 10. júlí 2018 þar sem óskað er eftir sjónarmiðum SAM vegna fyrirhugaðrar úttektar á áhrifum innflutningskvóta á ostum sem verndaðir eru með upprunatáknum eða landfræðilegum merkingum samkvæmt reglum ESB. Tilvísun ráðuneytis er ANR18070113/12.05

SAM fagna fyrirhugaðri úttekt og vilja í upphafi benda á að innflutningskvótarnir ná til rúmlega 220 ostategunda, þar með talið tegunda sem eru sambærilegar öllum algengustu íslenskum ostategundum. Ostar sem fluttir verða inn samkvæmt innflutningskvótunum munu því verða seldir í beinni samkeppni við algengustu íslensku ostategundirnar. Þess vegna telja SAM mikilvægt að úttektin meti að lágmarki:

1. Hlutdeild innflutningskvótanna í sölu osta á Íslandi,
 - a. í magni og
 - b. í verðmæti.
2. Mögulegar verðlækkanir íslenskra osta vegna verðþrýstings frá ostum sem fluttir verða inn með notkun innflutningskvótanna.
3. Áhrif aukins innflutningsins osta til minnkunar á íslenskri mjólkurframleiðslu og tekjulækkun bænda vegna samdráttar í framleiðslu.
4. Mögulega fækkun starfa í Mjólkursamlagi MS í Búðardal og áhrif á samfélagið í Dölum, ef innflutningskvótar verða fyrst og fremst nýttir til innflutnings á myglu-ostum.
5. Áhrif innflutnings á „Gouda Holland“ ostum án tolla á samkeppnisstöðu og verðþol sambærilegra íslenskra osta (Skólaostur, Samlokuostur, Sveitabiti og fl.).
6. Samkeppnisstaða Íslensk mjólkuriðnaðar gagnvart erlendum mjólkuriðnaði með tilliti til stærðar fyrirtækja og rekstrarumhverfis.
7. Möguleika íslensk mjólkuriðnaðar til að skila lögbundnu lágmarksverði fyrir mjólk til bænda landsins, þrátt fyrir samdrátt og tekjutap sem leiðir af innflutningnum.

Til frekari upplýsinga um ástæður fyrir því að SAM telja mikilvægt að úttektin ná til framangreindra atriða er hér á eftir farið yfir þau atriði sem SAM telja mikilvæg.

Innan Mjólkursamsölunnar var unnið mat á áhrifum tollasamnings Evrópusambandsins og Íslands, sem undirritaður var 17. september 2015. Samkvæmt mati Mjólkursamsölunnar er hlutdeild tollkvóta samningsins samtals 8,3% af ostamarkaði á Íslandi en hlutdeild í markaðsverðmæti er áætlað um 10,9%. Þegar við bætast tollkvótar vegna fyrri samninga við ESB og tollkvótar vegna WTO-samninga eru innflutningsheimildir samkvæmt þessum samningum orðnar um 12% af magni og um 15% af verðmætum á íslenskum ostamarkaði.

Í mati Mjólkursamsölunnar kemur einnig fram að beint tekjutap mjólkuriðnaðarins vegna nýja tollasamningsins geti orðið á bilinu 900 – 1.000 milljónir króna á ári, en óbeinn kostnaður kunnir að auki að verða á bilinu 150 – 400 milljónir króna á ári. Skýrsla Mjólkursamsölunnar fylgir þessu bréfi og er merkt sem Viðhengi 1. SAM vona að skýrslan reynist gagnleg við úttekt á áhrifum innflutningskvóta á sölu osta á Íslandi í magni og verðmæti, ásamt mati á áhrifum innflutningskvótans til verðlækkunar Íslenskum ostum.

Tollasamningar ESB og Íslands frá árinu 2015 auka tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir ost frá ESB um samtals 510 tonn á ári. Samkvæmt núgildandi ríkisstuðlum fyrir nýtingu mjólkur samsvara 510 tonn af osti um 5 milljón lítra hráefnisþörf af mjólk að verðmæti um 435 milljónir króna til kúabúa landsins samkvæmt núgildandi lágmarksverði mjólkur. Sem hlutfall af framleiðslu mjólkur innan greiðslumarks árið 2018 nemur verðmætið um 3,5%. Miðað við meðalstærð kúabúa árið 2017 samsvarar mjólkurmagnið framleiðslu 18 kúabúa.

Nýti innflytjendur allan 230 tonna tollkvóta osta, með upprunatáknum eða landfræðilegum merkingum, til innflutnings á mygluostum, er grundvöllur fyrir framleiðslu mygluosta á Íslandi í alvarlegri hættu. Síðustu tólf mánuði er heildarframleiðsla mygluosta á Íslandi 307 tonn. Innflutningur á 75% af því magni (230 tonn) á fullu tollfrelsi mun líklega eyða rekstrargrundvelli innlendra framleiðslu, bæði vegna samdráttar í magni og vegna verðþrýstings. Nær allir íslenskir mygluostar (90%) eru framleiddir í starfsstöð Mjólkursamsölunnar í Búðardal og um stór hluti mjólkur sem unnin er í Búðardal er nýtt til framleiðslunnar. Mikil aukning á tollfrjálsum innflutningi osta er þess vegna ógn við rekstrargrundvöll starfsstöðvar Mjólkursamsölunnar í Búðardal, sem er stærsti vinnustaðurinn í Dölunum. SAM hvetja til þess að úttekt um áhrif innflutningskvóta á ostum kanni sviðsmyndir sem að blasa við ef þróun í nýtingu tollkvóta beinist í þessa átt.

Sá misskilningur hefur komið fram í umræðu um osta sem verndaðir eru með upprunatáknum eða landfræðilegri merkingu, að allir slíkir ostar séu óvenjulegir „sérostar“ sem ekki muni vera í beinni samkeppni við íslenska osta. Ostar sem njóta verndar innan ESB samkvæmt þessum

merkingum eru nú rúmlega 220 og hefur fjölgað um átta að meðaltali síðustu átta ár. Meðal osta sem njóta verndar og geta flokkast innan tollkvótans eru til dæmis „Gouda Holland“ og „Edam Holland“, en báðar tegundir eru alvanalegir brauðostar sem eru sambærilegir við íslenska brauðosta eins og „Skólaost“, „Samlokuost“, „Sveitabita“ og fleiri. Innflutningur á „Gouda Holland“ í gegn um tollkvótana yrði þannig í beinni samkeppni við algegnustu íslensku ostana; bæði í magni og verði. - Og verðlagning íslensku ostana er samkvæmt ákvörðunum Verðlagsnefndar búvöru. Hvernig á Íslenskur mjólkuriðnaður að geta brugðist við þessari beinu samkeppni? Og hvaða áhrif getur innflutningurinn haft á verðþol íslensku framleiðslunnar?

SAM telja ástæðu til að úttekt á áhrifum innflutningskvóta nái til mats á samkeppnisstöðu íslensk mjólkuriðnaðar gagnvart erlendum mjólkuriðnaði með tilliti til stærðar fyrirtækja og rekstrarumhverfis. Allur samanlagður íslenskur mjólkuriðnaður er agnarsmár dvergur í samanburði við erlendan mjólkuriðnað. Sem dæmi vilja SAM benda á að útflutningur osta frá Hollandi var 913.000.000 kg árið 2016 og öll íslensk ostaframleiðsla var innan við 0,75% af því magni. Samkeppnisstaða íslensk mjólkuriðnaðar gagnvart slíku ofurafli er hverfandi – og engin án tollverndar. Á íslenskum mjólkuriðnaði hvíla skyldur um að kaupa alla mjólk, innan greiðslumarks, hvar sem er á Íslandi á lögbundnu lágmarksverði og samhliða býr mjólkuriðnaðurinn við opinberar verðákvarðanir á stórum hluta af framleiðsluvörum. Slíkar kvaðir hvíla ekki á Hollenskum mjólkuriðnaði. - SAM hvetja til þess að úttekt um áhrif innflutningskvóta á ostum kanni samkeppnisstöðu íslensk mjólkuriðnaðar gagnvart erlendum mjólkuriðnaði, með tilliti til stærðar fyrirtækja og rekstrarumhverfis

Rekstrarumhverfi íslensk mjólkuriðnaðar byggist upp af fjölda þátta sem saman eiga að mynda umhverfi sem gerir íslenskum mjólkuriðnaði fært að greiða bændum landsins lögbundið lágmarksverð fyrir mjólk sem þarf til framleiðslu á innlendum mjólkurvörum sem seljast á Íslandi. Síðustu ár hefur jafnvægi raskast í rekstrarumhverfini mjólkuriðnaðarins þar sem meiri mjólkurframleiðsla þarf til að fullnægja eftirspurn fyrir fituríkar afurðir, heldur en þær afurðir sem eru próteinríkari. Aukinn innflutningur osta minnkar enn eftirspurn eftir innlendum próteinríkum afurðum, sem veldur auknum kostnaði innan mjólkuriðnaðarins og minnkar líkur á að unnt verði að greiða lögbundið lágmarksverð fyrir alla mjólk sem þarf til framleiðslu fituríkari afurða. Rekstrarumhverfið á að gefa vel reknum mjólkuriðnaði færi á að skila lögbundnu lágmarksverði og SAM leggja eindregið til að úttekt um áhrif innflutningskvóta á ostum, sem verndaðir eru með upprunatáknum eða landfræðilegum merkingum, nái til athugunar á því hvort íslenskur mjólkur-iðnaður muni geta skilað lögbundnu lágmarksverði fyrir mjólk til bænda landsins, þrátt fyrir samdrátt og tekjutap sem mun leiða af innflutningskvótunum.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf


Bjarni R. Brynjólfsson

skrifstofustjóri SAM

